

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 4. október 2023

Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um aðgerðir til að styðja við fjölgun hjólastæða og yfirbyggðra og öruggra hjólaskýla

Lagt er til að ráðast í vinnu við að fjölga hjólastæðum og yfirbyggðum og öruggum hjólaskýlum í borginni enn frekar, meðal annars með því að setja á fót sjóð með það markmið að beita fjárhagslegum hvata til uppbyggingar yfirbyggðra og öruggra hjólaskýla. Metið verði hvernig ramma skuli inn umgjörð og umfang sjóðsins og mótaðar um það sérstakar reglur til samþykktar í umhverfis- og skipulagsráði. Einnig verði skoðaðar aðrar leiðir sem stefni að sama marki.

Greinargerð

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar kemur eftirfarandi fram: „Við ætlum að innleiða hjólréiðaáætlun og byggja upp öfluga hjólainnviði meðal annars með aukinni fjárfestingu í hjólastígum, fleiri hjólastæðum og fjárhagslegum hvata til uppbyggingar yfirbyggðra og öruggra hjólaskýla.“

Verið er að innleiða hjólréiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 af krafti en markmið hjólréiðaáætlunar er meðal annars að auka hlutdeild hjólréiða í ferðum í borginni, styrkja innviði fyrir hjólréiðar og bæta þjónustu. Hér er lagt til að leita enn fleiri leiða til að styðja við hjólréiðar í samræmi við hjólréiðaáætlun.

Við leggjum áherslu á að auðvelt sé fyrir borgarbúa að nýta hjól sem samgöngutæki. Í niðurstöðum tilraunaverkefnis um nýtingu rafhjóla¹ kom eftirfarandi fram: „Til að hlúa að þessum fararmáta þá er mikilvægt að vinna samtímis með umferðaröryggi þessa hóps sem og aðgengi og aðstöðu fyrir hjólin“. Því skiptir ekki bara máli að fjölga hjólastígum heldur líka að styrkja aðstöðu fyrir hjólin til að auka notkun þeirra. Fleiri hjólastæði sem og yfirbyggð og örugg hjólaskýli myndu nýtast öllu hjólréiðafólki og styðja við fjölgun þeirra sem hjóla sér til gagns og gamans. Rafhjólalæign hefur aukist enda eru slík hjól sérstaklega praktísk í ferðum þegar um lengri vegalengdir er að ræða sem oft er raunin á höfuðborgarsvæðinu. Slík hjól eru þó oftast töluvert dýr og getur fjölgun öruggra og góðra hjólastæða og hjólaskýla haft mikið að segja þegar styðja á við notkun þeirra sem samgöngutækja um borgina.

¹ Tilraunaverkefni með rafhjól í Reykjavík. 2018. Vefslóð: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/lokaskýrsla_rafhjol_2018_-_lokautgafa.pdf?fbclid=IwAR1JBQczmQwdGqfA2T2fNyRwJr49QvbgwLaJ87DZtNi-IJkYpD1PdOqZ6cU